

Fimmtudaginn 25. september 1947.

Kærumálið nr. 18/1947. Ingvar Árnason

gegn

Ársæli Jónassyni.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Kærður frávísunardómur.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru, dags. 20. júlí þ. á., sem hingað barst 2. þ. m., hefur sóknaraðili kært dóm, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 13. júní þ. á., þar sem máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja var vísað sjálfkrafa frá dómi. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til meðferðar að efni til og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Af hendi varnaraðilja hafa hvorki verið gerðar kröfur fyrir hæstarétti né greinargerð send.

Í fógetamáli, sem sóknaraðili sótti á hendur varnaraðilja og úrskurðað var í fógetadómi Reykjavíkur 13. apríl f. á., krafðist sóknaraðili þess, að honum yrði veittur með beinni fógetagerð aðgangur að tilgreindu herbergi í húsinu nr. 163 við Hringbraut hér í bæ. Fógeti synjaði með greindum úrskurði að framkvæma gerðina. Með stefnu 12. maí 1947 höfðaði sóknaraðili síðan mál það, sem héraðsdómari hefur vísað frá dómi, og gerði í því þær dómkröfur, að varnaraðilja verði gert að fá honum umráð herbergis þess, sem áður greinir.

Kröfur sóknaraðilja svo og röksemdir hans eru þær sömu í fógetamálinu og í bæjarþingsmálinu. Sóknaraðili átti þess fullkominn kost að reifa málið til hlitar fyrir fógeta, leiða vitni og koma að þeim gögnum, sem máli skiptu, sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936, enda var ekki, þegar málið var fyrir fógeta, þörf slíkra bráðabirgðaaðgerða, að málinu yrði að tuka þar vanreifuðu.

Verður því með vísan til þess, sem nú var rakið, að telja

fógetadóm og bæjarþing hliðstæða dómstóla, að því er varðar meðferð máls þessa, og að héraðsdómari hafi því réttilega vísað kröfu sóknaraðilja frá dómi. Ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn.

Þar sem varnaraðili hefur engar kröfur gert, fellur kærumálskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1947.

Mál þetta, er tekið var til dóms eða úrskurðar 6. þ. m., hefur Ingvar Árnason, Hringbraut 163 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. f. m., gegn Ársæli Jónassyni og Friðriki Teitssyni, báðum til heimilis að Hringbraut 163 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefnda verði gert að fá honum umráð íbúðarherbergis í kjallara hússins nr. 163 við Hringbraut svo og að greiða sér málskostnað að mati dómarsins.

Stefndi Friðrik hefur samþykkt kröfur stefnanda, en stefnandi fallið frá málskostnaðarkröfu á hendur honum.

Stefndi Ársæll hefur aðallega krafizt frávisunar, en til vara sýknu, og málskostnaðar í báðum tilvikum.

Stefnandi hefur krafizt þess, að frávisunarkröfunni verði hrundið og honum dæmdur málskostnaður.

Málavextir eru þeir, að því er stefnandi telur, að hann, sem hefur á leigu íbúð í kjallara nefnds húss, hafi léð stefndu eitt herbergi íbúðarinnar handa konu nokkurri, er mjög hafi þarfnast húsnæðis. Þetta hafi verið því skilyrði bundið, að hann fengi herbergið aftur strax, er konan færi úr því. Stefndi Ársæll hefur hins vegar haldið því fram, að stefnandi hafi skilað herbergi þessu skilyrðislaust úr leigu, og eigi hann ekkert tilkall til þess. Stefndi krafðist þess þá, að honum yrði veittur aðgangur að herberginu með beinni fógetagerð, en með úrskurði fógetadóms Reykjavíkur var neitað um framgang gerðarinnar. Stefndi höfðaði síðan mál fyrir bæjarþinginu og hefur gert framangreindar dómkröfur, sem hann byggir á skilyrði því, er að framan segir.

Frávisunarkröfu sína byggir stefndi Ársæll á því, að bæjarþingið sé hliðstæður dómstóll við fógetadóm og geti því ekki veitt úrlausn um mál, sem þegar hefur verið leyst úr í þeim dómi.

Eins og að framan segir, byggði stefnandi kröfu sína fyrir fógetadómi á margnefndu skilyrði, og var leyst úr því efni þar.

Stefnandi hefur í þessu máli fært fram sömu rök kröfum sínum til stuðnings. Þar eð bæjarþingið og fúgetadómur eru hliðstæðir dómstólar, er eigi hægt að leggja dóm á málið, þar eð það hefur þegar sætt úrlausn á þessum grundvelli, og ber því að vísa því frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Máli þessu vísast ex officio frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 29. september 1947.

Nr. 66/1947. **Eiríkur Bjarnason, Lúther Guðnason og Markús Jensson**

gegn

Útibúi Landsbankans á Eskifirði.

Útivistardómur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Eiríkur Bjarnason, Lúther Guðnason og Markús Jensson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 29. september 1947.

Nr. 76/1947. **Skipaútgerð ríkisins**

gegn

H/f Djúpuvík.

Útivistardómur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.